

## Byggingarfulltrúinn í Búðardal

---

**From:** Oddny Eir <oddnyeir@gmail.com>  
**Sent:** 16. október 2017 14:39  
**To:** Byggingarfulltrúinn í Búðardal  
**Subject:** Deiliskipulag

Athugasemd vegna aðal- og deiliskipulags Árneshrepps vegna Hvalárvirkjunar.  
Beint til skipulagsfulltrúa og hreppsnefndar Árneshrepps.

Ég hef kynnt mér málið og þekki líka sögu svæðisins en líka sögu framkvæmdaraðilanna og tel að fyrirhuguð framkvæmd vegna Hvalárvirkjunar taki ekki inn í myndina heildaráhrif á byggð og menningu í Árneshreppi til frambúðar. Í byggðarlagi sem berst fyrir lífi sínu er skiljanlegt að horft sé til beinna hagsbóta í skammtímaskyni, en slík sjálfsbjargarviðleitni er þó ekki réttlætanleg í ljósi þess að hér myndi vera tekið af komandi kynslóðum rétt til ósnortinnar náttúru sem hvergi er álíka í heiminum. Hreppsnefnd hefur gott eitt í huga og hagsæld byggðarlagsins en ég vil minna á að forsendur liggja ekki allar fyrir. Loforð um innviðauppbýggingu eru hugsanlega uppi í ermum þeirra sem ekki bera hag sveitarinnar endilega fyrir brjósti. Eins er alls óvíst að framkvæmdin virki jákvætt á framtíðarbúsetu og afkomu sveitarinnar. Ég vil því minna á mikilvægi þess að ákvörðunaraðilar í nærumhverfi aðgerðarinnar taki sér tíma til að kynna sér allar hliðar málsins með það í huga að heiðarlegasta viðleitni til að bjarga byggðarlaginu gæti á endanum reynst vera örlagarík aðför að framtíðarlífi sveitarinnar sem byggist á sterkum tengslum við náttúruna.

Með kærri kveðju  
Oddný Eir Ævarsdóttir  
rithöfundur, ættaður af Ströndum.  
kt. 281272-4979  
sími : 8480767  
Ægisíða 94, 107 Reykjavík.